

Þróun verklags skólaþjónustu í anda snemmtækrar íhlutunar

Þorsteinn Hjartarson

sviðsstjóri fjölskyldusviðs Árborgar

Vorráðstefna Greiningar- og ráðgjafarstöðvar 9. maí 2019



Starfsferill

- Kennslu- og skólastjórstörf í sveit og borg frá 1980
- Skólastjóri Fellaskóla 2000-2007
- Framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts 2007-2011
- Fræðslustjóri í Árborg 2011 til 28. febrúar 2019
- Sviðsstjóri fjölskyldusviðs Árborgar frá 1. mars 2019



Sveitarfélagið Árborg

- Fjöldi íbúa 1. september 2014 var 7994
- Fjöldi íbúa 1. maí 2019 er 9626
- Rúmlega 20% fjölgun íbúa á tæplega fimm árum



Skólar í Sveitarfélaginu Árborg

Fimm leikskólar (520 börn):

Álfheimar

Árbær

Brimver og Æskukot

Hulduheimar

Jötunheimar

Undirbúningsvinna er í gangi v/nýs leikskóla

Þrjár grunnskólar (1470 börn):

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Sunnulækjarskóli

Vallaskóli

Auglýsing v/hönnunarútboðs fyrir nýjan leik- grunn- og tónlistarskóla

Árborg hefur verið að styrkja faglega umgjörð leik- og grunnskóla

- Ráðning fræðslustjóra haustið 2011
- Ný skólastefna Árborgar 2013-2016 unnin í miklu samráði aðila skólasamfélagsins
- Úttekt á skólaþjónustu sveitarfélagsins (Trausti Þorsteinsson og Gunnar Gíslason)
- Stjórnendanám (Heiltæk forysta/lærdómssamfélagið - aukin gæði í skólastarfi
- Endurskoðun á skólaþjónustu Árborgar sem tók formlega til starfa 1. janúar 2014
- Áherslur, verklag og sýn mótað í samstarfi starfsfólks, kennara, foreldra og skólastjórnenda. Nemendur hafa einnig komið að stefnumótunarvinnu
- Leitast við að efla faglegan styrk stjórnenda til að leiða þróun skólastarfs til betri árangurs - áhersla á samvirkni bæði innan skóla og á milli þeirra
- Áhersla lögð á það að stjórnendur, kennarar og skólaþjónusta efli tengsl sín á milli og nýti samtakamáttinn í þróunarstarfi


Megináherslur í starfi skólaþjónustu Árborgar

- Efla snemmtækt mat og íhlutun í samstarfi við skólana og aðra fagaðila
- Tryggja gott aðgengi að starfsfólki skólaþjónustu - stytta biðtíma eftir aðkomu þeirra
- Gera þjónustuna í skólunum skilvirkari
 - Nýta þá reynslu og þekkingu sem er til staðar í skólunum
 - Skýrt verklag við móttöku og opnun mála
 - Markvissari upplýsingar á þjónustubeiðnum
 - Öll mál hafa verið forunnin í skólunum
- Efling ráðgjafaþjónustu við skóla og foreldra
- Aukinn stuðningur við kennara og annað starfsfólk skóla
- Fjölgun úrræða/námskeiða fyrir börn og foreldra í samstarfi við fleiri fagaðila
- Formleg greining er ekki forsenda að aukinni þjónustu
- Leitast við að fækka dýrum og tímafrekum greiningum

Aukin áhersla á snemmtækt mat og íhlutun á kostnað klínískrar þjónustu

- Árið 2014 voru langir biðlistar eftir sálfræðigreiningum og fá úrræði til staðar
- Þróun skólaþjónustu tekur tíma en hefur verið unnin í samstarfi við skólana, einnig félagsþjónustu og heilsugæslu
- Samvinna og samstarf; hlusta þarf vel á þá sem þekkja börnin best og þau sjálf
- Stöðug viðleitni til að skapa nemendum góðar námsaðstæður og fjölbreytt úrræði
- Höfum endurskoðað verklag og fjölgað úrræðum/námskeiðum fyrir börn og foreldra
- Brugðist fljótt við mismunandi þörfum barna
- Boðið upp á ráðgjöf á vettvangi og önnur sérfræðiviðtöl, svo sem við kennsluráðgjafa
- Nú er mun minni bið eftir stuðningi og ráðgjöf við börn, foreldra og starfsfólk skóla

Hvernig fæ ég ráðgjöf? Grunnskólar í Árborg



Skólaþjónusta í leikskólum Árborgar

- Áhersla á að starfsfólk skólaþjónustu styðji við starfsfólk leikskólans með heimsóknunum inn á deildir og ráðgjöf á vettvangi
- Sérkennslustjórar eru í öllum leikskólum Árborgar
- Samráðsfundir haldnir á 6 vikna fresti með sálfræðingi, leikskólaráðgjafa, deildarstjórum og sérkennslustjóra
- Kennsluráðgjafi í fjölmenningu hittir alla foreldra tvítyngdra leikskólabarna og veitir þeim og starfsfólki leikskóla ráðgjöf
- Lögð áhersla á góða vinnu með málþroska og læsi – ekki beðið eftir greiningum
- Talmeinafræðingur er með viðveru í skólum og veitir starfsfólki ráðgjöf og sinnir talþjálfun o.fl. (Verktakar sinna greiningum og talþjálfun að hluta)

Námskeið skólaárið 2018-2019 fyrir börn og foreldra

Námskeiðin eru haldin í samstarfi heilsugæslu, skólaþjónustu, félagsþjónustu og skóla:

- **KLÓKIR KRAKKAR:** Kvíðanámskeið fyrir börn á miðstigi og foreldra þeirra.
- **KLÓKIR LITLIR KRAKKAR:** Námskeið fyrir foreldra ungra barna (3-7 ára) með fyrstu einkenni kvíða.
- **NÁMSKEIÐ UM UPPELDI BARNNA MEÐ ADHD:** Fyrir foreldra barna sem hafa hamlandi einkenni ofvirkni og/eða athyglisbrests (ADHD).
- **UPPELDI SEM VIRKAR—FÆRNI TIL FRAMTÍÐAR:** Uppeldisnámskeið fyrir foreldra ungra barna. Einnig á pólsku.
- **PEERS námskeið:** Námskeið fyrir nemendur á miðstigi og unglíngastigi og foreldra þeirra. Ætlað börnum sem glíma við slaka félagsfærni. Ábyrgðaraðili: Félagsþjónustan

Fræðsla um kvíða og annan tilfinningavanda



- Fengum styrk úr Lýðheilsusjóði til að útbúa fræðsluefni og vera með fræðslu um kvíða og annan tilfinningavanda barna og unglunga
- Yfirsálfræðingur skólaþjónustu var með fræðslu inn í öllum námshópum fyrir nemendur og kennara í 7. til 10.bekk
- Foreldrum boðið á fræðsluerindi að kvöldi dags samhliða fræðslu fyrir nemendur í hverjum skóla fyrir sig
- Fræðslan hefur gengið vel og verður í boði á hverju ári fyrir nemendur í 7. bekk og foreldra þeirra

Samstarf Árborgar við heilsugæslu og BUGL

- Samráðsfundir á 6 vikna fresti ásamt félagsþjónustu, barnalækni, heimilislæknum, sálfræðingum skólaþjónustu og heilsugæslu, skólahjúkrunarfræðingum, verkefnastjóra ung- og smábarnaverndar og BUGL í gegnum fjarfundarbúnað. Teymisstjóri kemur frá skólaþjónustu
- Sérfræðingar vísa málum í teymið þegar þörf er á þverfaglegum samráðsvettvangi
- Hefur tekið tíma að þróa þennan samstarfsvettvang mismunandi kerfa
- Samstarf um framkvæmd og þróun úrræða/námskeiða fyrir börn og foreldra í Árborg eins og þegar hefur komið fram
- Skólaþjónustan hefur styrkt verulega tengslin við heilsugæsluna

Þróunarstarf - m.a. þýðing á sænsku stöðumatstæki fyrir nemendur af erlendum uppruna

Stöðumat fyrir nýja nemendur af erlendum uppruna



m MENNTAMÁLASTOFNUN

Fellaskóli
REYKJAVÍK

Stöðumat 1. stig



Markmið:

- Styðja skólana við að staðsetja nemendur út frá fyrri þekkingu og reynslu. Niðurstöður matsins auðvelda kennurum að skipuleggja nám nemandans út frá styrkleikum hans og þörfum
- Viðtalið tekur 60-70 mínútur
- Forráðamaður viðstaddur
- Túlkað er á sterkasta máli nemandans
- Kanna fyrri þekkingu og reynslu nemandans, t.d varðandi tungumálakunnáttu, skólagöngu, styrkleika, væntingar ofl.

Stofnun fjölskyldusviðs Árborgar 1. mars 2019


- öflugri þverfagleg þjónusta

- Félagþjónusta, skólaþjónusta og frístunda- og menningarþjónusta á sama fagsviði
- Unnið er að brúarsmiði þar sem samstarfshugsun verður leiðarljósið - teymisvinna, þróun úrræða, snemmtækt mat og snemmtæk íhlutun
- Traust og góð samvinna innan deilda og milli deilda fjölskyldusviðs
- Lögð rækt við sveigjanleika og lausnamiðaða hugsun
- Mótun sameiginlegrar sýnar og verklags á fjölskyldusviði - styrkjum liðsheildina
- Leitað nýrra leiða til að efla alla þjónustu við börn og íbúa á öllum aldri
- Styttum allar boðleiðir og bregðumst fljótt við þegar börn eru í vanda
- Nýtum reynslu annarra og miðlum reynslu og þekkingu okkar á milli

Aukinn skilningur á þverfaglegu samstarfi og fjölgun þjónustuúrræða fyrir börn

- Barnamálaráðherra boðar heildarendurskoðun barnaverndarlaga og endurskoðun á félagslegri umgjörð og stuðningi við börn með áherslu á snemmtæka íhlutun og samvinnu kerfa
- Ráðherra leggur áherslu á víðtækt samstarf og samvinnu, m.a. í framkvæmd þjónustunnar
- Vilji ráðherra til að brjóta niður múra milli kerfa svo hægt sé að tryggja börnum heildstæða og samhæfða þjónustu
- Ekki nóg að samþykkja lög og reglugerðir, hvernig ætlum við að láta verkin tala?
- Verkefnið kallar á ígrundun, nýtt verklag, skapandi hugsun og að mismunandi þjónustuaðilar stilli saman strengi
- Upp koma nýjar áskoranir þegar ólíkir fagaðilar eiga að starfa meira saman, sem hafa jafnvel unnið út frá mismunandi gildismati og starfsvenjum

Barnið í kerfinu



Hreinsum kerfið og tryggjum betur heildarvirkni þess

- Kerfið þarf að ýta undir breytingar og þróun með fræðslu, stuðningi og eftirfylgni
- Huga þarf að að öllum öngum kerfisins
- Margbreytileikinn - allra ávinningur
- Skapandi hugsun og nýsköpun í þróun skólastarfs og þjónustu við börn
- Hreinsum kerfishindranir í burtu og öll fagsílóin
- Lærum meira hvert af öðru



Hvað er átt við með kerfishindrun sem vinnur gegn þróunarstarfi (dæmi)?

- Stuðla form fjárveitinga til skóla að menntun fyrir alla og að unnið sé í anda snemmtækrar íhlutunar?
- Fjárveitingarvenjur sveitarfélaga og jöfnunarsjóðs hafa lengst af grundvallast á fáum og aðgreinandi þáttum, svo sem greiningum á einstaklingsbundnum sérþörfum
- Það hefur oft stuðlað að greiningaráráttu, löngum biðlistum, mikilli fjölgun á sérkennslutímum og klínískri skólaþjónustu
- Þá er varla verið að vinna í anda hugmyndafræði um skóla fyrir alla, sbr. skýrsluna *Menntun fyrir alla á Íslandi*

Hjökkum ekki alltaf í sömu kerfishjólförunum

- Sveigjanlegri fjárveitingar ættu að vinna að þróun stoðkerfis sem vinnur í anda snemmtækrar íhlutunar og hugmyndafræði lærdómssamfélagsins - en þá þarf hið opinbera að gefa tóninn
- Við þurfum að styrkja einstaklingsmiðaða og sveigjanlega kennsluhætti, faglegt samstarf, teymiskennslu og falla þannig frá einstaklingsmiðaðri sérkennslunálgun sem tröllriðið hefur íslensku skólasterfi.
- Gagnkvæmur stuðningur við þróun verklags sem kemur okkur upp úr hjólförunum
- Hér gildir þó ekki top-down áhersla heldur að byggja upp traust, efla teymishugsun og faglegt samráð



Látum nú verkin tala - börnin eiga það skilið

